# UNGT FÓLK 2023

## Reykjavík

Niðurstöður rannsóknar meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk

©Rannsóknir & greining 2023

Rit þetta má ekki afrita með nokkrum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis Rannsókna og greiningar.

RANNSÓKNIR & GREINING
Icelandic Centre for Social Research & Analysis

## Inngangur

Öflugt forvarnarstarf hefur verið rekið undanfarin ár meðal nemenda  á grunnskólaaldri á Íslandi. Árangurinn á Íslandi hefur verið einstakur og er vímuefnaneysla ungmenna á þessum aldri með því lægsta sem gerist í hinum vestræna heimi. Þennan góða árangur ber að þakka þeirri samstöðu sem tókst að skapa meðal flestra þeirra sem komið hafa að umönnun og uppeldi barna og unglinga undanfarin ár. Fjöldi rannsókna á málefnum barna og unglinga á mið- og efsta stigi grunnskóla sem Rannsóknir & greining hefur framkvæmt síðastliðna rúma tvo áratugi gefur raunsanna mynd af stöðu þessara mála. Þá hefur afstaða fólks til vímuefnaneyslu unglinga breyst mikið á þessum tíma. Sagan hefur sýnt okkur að unnt er að ná árangri í forvarnarstarfi ef rétt er á spilum haldið og sem flestir láti sig málið varða. Rannsóknirnar Ungt fólk væru ekki framkvæmanlegar án samstarfs. Framlag skólastjórnenda, kennara og nemenda í grunn- og framhaldsskólum landsins, aðstoð þeirra við fyrirlagnir og sú natni sem þeir gjarnan sýna við að koma til okkar athugasemdum um hvað betur megi fara, er algjörlega ómetanlegt. Markmið Rannsókna & greiningar er að niðurstöður komist til skila til þeirra sem vinna að því að bæta líf barna og ungmenna. Lykilatriði er að allir þeir sem að málefnum barna- og ungmenna koma, til dæmis: foreldrar, fagaðilar innan einstakra sveitarfélaga, kennarar og aðrir starfsmenn skóla, félagasamtök ásamt öðrum aðilum í stefnumótun og stjórnmálamönnum, vinni saman. Þannig náum við að viðhalda þeim árangri sem náðst hefur og einnig takast á við nýjar áskoranir sem stöðugt banka uppá í lífi barnanna okkar.

## Aðferð, gögn og mælitæki

Niðurstöðurnar sem birtast í skýrslunni eru byggðar á könnun sem lögð var fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk í Reykjavík, Hafnarfirði og Mosfellsbæ í maí 2023. Framkvæmd og úrvinnsla rannsóknarinnar var á vegum Rannsókna & greiningar með góðri samvinnu við sveitarfélög og skóla. Spurningalistar voru lagðir fyrir rafrænt þar sem nemendur voru beðnir um að svara öllum spurningum eftir bestu samvisku og biðja um hjálp ef þess þyrfti. Nemendum var gert ljóst í upphafi spurningalistans að þátttaka í rannsókninni væri algjörlega valfrjáls og að það hefði engar afleiðingar að sleppa eða hætta þátttöku. Nafnleyndar þátttakenda var gætt með því að hvergi væri hægt að skrifa persónugreinanlegar upplýsingar í könnunina. Í skýrslunni er tíðni í prósentum sett fram í myndum og töflum. Svarhlutfall var 70% árið 2023.

Tafla 1. Fjöldi þátttakenda 2023.

| | Reykjavík | | | Heild | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8. b | 9. b | 10. b | 8. b | 9. b | 10. b |
| Strákar | 520 | 538 | 427 | 758 | 741 | 607 |
| Stelpur | 478 | 458 | 413 | 684 | 675 | 585 |
| Annað/kynsegin | 10 | 2 | 3 | 14 | 5 | 6 |
| Samtals | 1 039 | 1 020 | 867 | 1 497 | 1 454 | 1 232 |

Ath. dálkurinn „Heild“ sýnir niðurstöður fyrir þau þrjú sveitarfélögsem tóku þátt 2023: Hafnarfjörð, Mosfellsbæ og Reykjavík. Til samanburðar eru þessi þrjú sveitarfélög einnig sýnd sem „Heild“ árið 2022

# RVK 2023

Vímuefnakönnun var lögð fyrir nemendur á unglingastigi í maí 2023

▲▼ Breyting í prósentustigum frá 2022

**27%**
Hafa drukkið áfengi um ævina
▼ -2

**10%**
Hafa orðið ölvuð um ævina
▲ 1

**4%**
Voru ölvuð síðustu 30 daga
▲ 1

**7%** ▼ -3
Morfínskyld verkjalyf án lyfseðils yfir ævina

**5%** Kannabisnotkun yfir ævina -

| Notkun | Rafrettur | Nikótínpúðar | Sígarettur |
|---|---|---|---|
| **Yfir ævina** | 22% | 9% | 8% |
| Breyting frá 2022 | - | - | ▼ -1 |
| **Síðustu 30 dagar** | 10% | 5% | 2% |
| Breyting frá 2022 | ▲ 2 | - | - |
| **Daglega** | 5% | 2% | 1% |
| Breyting frá 2022 | ▲ 1 | ▼ -1 | - |

RANNSÓKNIR & GREINING
Icelandic Centre for Social Research & Analysis

# Neysla áfengis, tóbaks, nikótíns og annarra vímugjafa

Tafla 2. Vímuefnaneysla í 10. bekk, lykilþættir árin 2022 og 2023.

| | 2022 | | 2023 | |
|---|---|---|---|---|
| | Reykjavík | Heild | Reykjavík | Heild |
| Daglegar reykingar | 1.2% | 1.0% | 0.9% | 1.0% |
| Munntóbak 1x eða oftar sl. 30 daga | 1.6% | 1.3% | 2.1% | 2.1% |
| Neftóbak 1x eða oftar sl. 30 daga | 0.8% | 0.8% | 0.5% | 0.7% |
| Drukkið áfengi sl. 30 daga | 9.6% | 8.8% | 12.4% | 12.9% |
| Ölvun um ævina | 16.8% | 14.8% | 16.9% | 16.4% |
| Ölvun sl. 30 daga | 6.1% | 5.2% | 6.7% | 7.4% |
| Kannabis um ævina | 7.9% | 7.0% | 8.1% | 8.2% |
| Dagleg rafrettunotkun | 6.9% | 6.2% | 7.1% | 7.7% |




Mynd 1. Reykjavík - Þróun yfir tíma í ölvun, daglegum reykingum og kannabis á meðal nemenda í 10. bekk.

Tafla 3. Vímuefnaneysla í 9. bekk, lykilþættir árin 2022 og 2023.

| | 2022 | | 2023 | |
|---|---|---|---|---|
| | Reykjavík | Heild | Reykjavík | Heild |
| Daglegar reykingar | 1.3% | 1.0% | 0.8% | 0.8% |
| Munntóbak 1x eða oftar sl. 30 daga | 1.7% | 1.5% | 2.0% | 1.6% |
| Neftóbak 1x eða oftar sl. 30 daga | 0.5% | 0.5% | 0.7% | 0.6% |
| Drukkið áfengi sl. 30 daga | 6.6% | 7.0% | 8.5% | 8.1% |
| Ölvun um ævina | 8.7% | 8.6% | 10.4% | 9.6% |
| Ölvun sl. 30 daga | 2.4% | 2.7% | 5.3% | 4.7% |
| Kannabis um ævina | 6.1% | 5.7% | 6.0% | 5.4% |
| Dagleg rafrettunotkun | 3.9% | 4.1% | 6.1% | 5.6% |




Mynd 2. Reykjavík - Þróun yfir tíma í ölvun, daglegum reykingum og kannabis á meðal nemenda í 9. bekk.

Tafla 4. Vímuefnaneysla í 8. bekk, lykilþættir árin 2022 og 2023.

| | 2022 | | 2023 | |
|---|---|---|---|---|
| | Reykjavík | Heild | Reykjavík | Heild |
| Daglegar reykingar | 0.2% | 0.4% | 0.2% | 0.5% |
| Munntóbak 1x eða oftar sl. 30 daga | 1.1% | 1.0% | 1.2% | 1.1% |
| Neftóbak 1x eða oftar sl. 30 daga | 0.4% | 0.5% | 0.3% | 0.4% |
| Drukkið áfengi sl. 30 daga | 4.0% | 3.8% | 2.9% | 3.4% |
| Ölvun um ævina | 4.4% | 4.6% | 4.9% | 4.8% |
| Ölvun sl. 30 daga | 1.2% | 1.2% | 0.8% | 0.8% |
| Kannabis um ævina | 1.8% | 1.9% | 2.5% | 2.6% |
| Dagleg rafrettunotkun | 2.3% | 2.4% | 2.6% | 2.6% |




Mynd 3. Reykjavík - Þróun yfir tíma í ölvun, daglegum reykingum og kannabis á meðal nemenda í 8. bekk.




Mynd 4. Reykjavík - Hlutfall stráka og stelpna í 8., 9. og 10. bekk sem hafa notað rafrettur einu sinni eða oftar yfir ævina, árin 2019 til 2023.




Mynd 5. Reykjavík - Hlutfall stráka og stelpna í 8., 9. og 10. bekk sem hafa notað rafrettur einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2019 til 2023.

Tafla 5. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa notað eftirtalin vímuefni einu sinni eða oftar um ævina, árin 2022 og 2023.

| | 2022 | | 2023 | |
|---|---|---|---|---|
| | Reykjavík | Heild | Reykjavík | Heild |
| Amfetamín | 0.4% | 0.5% | 1.1% | 1.0% |
| E-töflu | 0.6% | 0.5% | 0.5% | 0.7% |
| Kókaín | 1.4% | 1.3% | 1.1% | 1.0% |
| Sveppi | 1.5% | 1.4% | 1.3% | 1.8% |
| Sniff | 0.7% | 0.7% | 1.1% | 1.2% |
| Heimabrugg/landa | 3.7% | 3.5% | 3.1% | 3.4% |

Tafla 6. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa notað eftirtalin lyfseðilskyld lyf einu sinni eða oftar um ævina án lyfseðils frá lækni, árin 2022 og 2023.

| | 2022 | | 2023 | |
|---|---|---|---|---|
| | Reykjavík | Heild | Reykjavík | Heild |
| Svefntöflur eða róandi lyf stundum kölluð Benzó lyf (t.d. Xanax, Sobril, Valium o.fl.) | 7.2% | 7.1% | 7.0% | 6.8% |
| Morfínskyld verkjalyf (t.d. Parkódín Forte, Oxycontin, Contalgin, Fentanyl o.fl) | 8.4% | 9.2% | 7.0% | 7.9% |
| Örvandi lyf (t.d. Rítalín, Rítalín Uno, Concerta o.fl.) | 4.9% | 4.6% | 3.5% | 3.5% |




Mynd 6. Reykjavík - Hlutfall stráka og stelpna í 8., 9. og 10. bekk sem hafa notað nikótínpúða einu sinni eða oftar yfir ævina árin 2021 til 2023.




Mynd 7. Reykjavík - Hlutfall stráka og stelpna í 8., 9. og 10. bekk sem hafa notað nikótínpúða einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2021 til 2023.




Mynd 8. Reykjavík - Hlutfall nemenda í 10. bekk sem telja að foreldrar þeirra yrðu mjög eða algjörlega mótfallin því að þau myndu gera eitthvað af ofangreindu.




Mynd 9. Reykjavík - Hlutfall nemenda í 9. bekk sem telja að foreldrar þeirra yrðu mjög eða algjörlega mótfallin því að þau myndu gera eitthvað af ofangreindu.




Mynd 10. Reykjavík - Hlutfall nemenda í 8. bekk sem telja að foreldrar þeirra yrðu mjög eða algjörlega mótfallin því að þau myndu gera eitthvað af ofangreindu.